



Kjósarhreppur

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024-2027, GREINARGERÐ

SVEITARSTJÓRN KJÓSARHREPPS

SEINNI UMRÆÐA 13. DESEMBER 2024

Innihald

Inngangur	2
Forsendur	3
Skatttekjur	3
Laun og launatengd gjöld	5
Málaflokkar	5
Félagsmál	6
Fræðslu og uppeldismál	6
Menningarmál	7
Æskulýðs og íþróttamál	7
Brunamál og almannavarnir	7
Hreinlætismál	7
Skipulags- og byggingamál	8
Umferðar- og samgöngumál	8
Umhverfismál	9
Atvinnumál	9
Sameiginlegur kostnaður	9
Eignasjóður rekstur	9
Kjósarveitur	9



Inngangur

Kjósarhreppur býr við þá sérstöðu að þeir sem þar dvelja eða búa, geta notið þess að vera í kyrrðinni og hæglætinu sem náttúran býður uppá en á sama tíma vera steinsnar frá þjónustunni og atvinnu-tækifærunum sem þéttbýlið býður uppá. Sífellt fleiri eru að átta sig á þeim tækifærum sem búseta í Kjósinni færir þeim. Á undaförnum árum hefur töluverð uppbygging átt sér stað og heldur áfram. Það er því mjög mikilvægt að stjórnendur sveitarfélagsins séu meðvitaðir um það fjöregg sem Kjósinn er og stígi varlega og ígrundað til jarðar í skipulagningu hennar.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps leggur nú fram í annað sinn, fjárhagsáætlun á kjörtímabilinu. Ytri aðstæður eru ekki góðar, mikil verðbólga og hátt vaxtastig gera róðurinn þyngri. Í þessari fjárhagsáætlun eru þessar ytri aðstæður töluverð áskorun en ekki síður sú áskorun sem kostnaður við að uppfylla ákvæði nýrra laga um úrgangsmál er í svo litlu sveitarfélagi.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að farið verði í endurskoðun aðskipulags. Þó að núverandi aðalskipulag sé tiltölulega nýtt þá eru að verða það miklar breytingar á samfélagi Kjósarhrepps og atvinnuháttum að rík þörf er á endurskoðun. Í þeirri vinnu er gert ráð fyrir að bæði íbúar og sumarhúsaeigendur geti m.a. haft áhrif með þátttöku í opinni vinnustofu sem verður auglýst.

Í áætluninni er lögð áhersla á að styðja við börn og ungmenni til tómstundastarfs í formi hækkunar á frístundastyrk til þeirra og veruleg hækkun er á heimgreiðslum til foreldra ungbarna. Ferðastyrkur til framhaldsskólanema hækkar og tekjumörk vegna afsláttar af fasteignagjöldum eldri borgara hækka.

Í áætluninni en gert ráð fyrir ýmsum endurbótum á eignum sveitarfélagsins. Gert er m.a. ráð fyrir að setja steiptan ramp við Ásgarð til að auðvelda aðgengi fatlaðra einstaklinga. Í Félagsgarði er gert ráð fyrir að klárað verði að skipta um gler í húsinu, verk sem hófst á síðasta ári og byrjað verður að skipta út klæðningu hússins sem er orðin lúin. Einnig er gert ráð fyrir að settur verði upp rafmagnsskassi á lóð Félagsgarðs svo hægt verði að tengja leiktæki, hljóðkerfi og þ.h. þegar skemmtanir eru haldnar á svæðinu.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að sett verði upp leiksvæði fyrir börn og ungmenni á lóð Ásgarðs. Við skipulagningu svæðisins verður lögð áhersla á að skapa notalegt, öruggt og skjólgott svæði sem fjölskyldur geta komið saman á og notið samvista. Á þessu ári er gert ráð fyrir skipulagningu svæðisins, ærslabelg og bekkjum. Gert er ráð fyrir að svæðið verði fullklárað með fleiri leikækjum og grillaðstöðu á næstu tveimur árum.

Eins og hjá öðrum sveitarfélögum hefur kostnaður vegna hreinlætismála verið að hækka gríðarlega. Með innleiðingu nýrra laga um úrgangsmál eru gerðar ríkari kröfur varðandi flokkun á úrgangi og aðgengi íbúa að flokkunarílátum. Fyrir svo lítið sveitarfélag sem Kjósarhreppur er, leggst kostnaður þungt á hvern og einn þjónustuþega þar sem fasti kostnaðurinn er hár.. Kostnaður vegna hreinlætismála er innheimtur með þjónustugjöldum og ekki má greiða kostnað við þennan málflokk niður með öðrum tekjum. Breytingar eru gerðar á uppsetningu gjaldskrár, núna er ekki innheimt eitt fast gjald á hverja fasteign, heldur er innheimt fyrir hverja rekstrareiningu, þ.e. gámsvæði, grenndarstöð, rekstur, lögbyli og heimili.

Það eru þung spor að þurfa að fara í þá hækkun sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Þrátt fyrir þessar hækkanir á úrgangsgjöldum er gert ráð fyrir að málaflokkurinn verði með 4,6 m. kr.



halla. Leitað verður allra leiða á næstu mánuðum til að draga úr þessum kostnaði sem óhjákvæmilega getur orðið til þess að draga þarf úr þjónustu. Haft verður samráð við íbúa um þær breytingar sem þarf að gera með opnum íbúafundi.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 miðar að því að skila hallalausum rekstri. Útlit er fyrir að reksturinn á árinu 2023 verði hallalaus eins og stefnt var að. Óhætt er að segja að mikill viðsnúningur hafi orðið í rekstri sveitarfélagsins.

Ég vil nota tækifærið og þakka starfsfólki sveitarfélagsins fyrir þeirra framlag til reksturs þess og ekki síður fyrir sýnda þjónustulund.. Haustið 2022 komu nær allir starfsmenn skrifstofunnar nýir að borðinu og hafa lagt nótt við dag til að setja sig inn í þau mörgu verkefni sem rekstri sveitarfélags fylgir. Ég hef átt gott samstarf við sveitarstjórn sem hefur verið samstíga ákvarðanatökum með það að leiðarljósi að bæta þjónustuna við íbúa og gera Kjósina að enn þá betri stað til að búa á. Framtíð Kjósarinnar er björt og tækifærin mikil.

13. desember 2023

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri

Forsendur

Lagavísanir og skilgreiningar: Fjárhagsáætlun Kjósarhrepps fyrir árið 2024 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2025–2027 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa sveitarfélagsins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta eru milli-viðskipti vegna innri leigu og fasteignaskatta jöfnuð út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og eru fjármagnaðar með þjónustutekjum.

Í lögum um opinber fjármál er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum um efnahagsmál. Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Ísland þar sem við á. Í spá Hagstofunnar sem lá fyrir við gerð fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að vísitala neysluverðs (verðbólga) verði 4,9% á árinu 2024. Í sömu spá gerir Hagstofan ráð fyrir að launavísitalan verði 5,8%.

Í fjárhagsáætlun Kjósarhrepps fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki til samræmis við verðlagsvísitölu frá í sumar, þ.e. um 4,9%. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að laun hækki um 5,8%. Undantekning frá þessu er gjaldskrá vegna hreinlætismála.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2024

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 62.7 m.kr. m.kr.
- Skuldahlutfall verði 130% í árslok 2024.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta er 120 m.kr. m.kr.
- Útsvarsprósenta 14.22%.
- Álagning fasteignagjalda lækkar úr 0,33% í 0,30 % á íbúðarhúsnæði. Með þessari lækkun er verið að spyrna við því að hækkun fasteignamats hafi áhrif á



fasteignaskatta í Kjósarhreppi umfram verðbólgu. Hins vegar hækkar álagning fasteignagjalda á húsnæði sem nýtt er undir rekstur úr 0,35% í 0,85%.

- Viðmiðunarmörk afsláttar til eldri borgara eru hækkuð um sem nemur launavísitölu, þ.e. 5,8%.
- Almennt er gert ráð fyrir að gjaldskrár A hluta fyrir árið 2024 hækki um 4,9 % fyrir utan fráveitugjöld sem eru óbreytt og sorpgjöld sem þar sem veruleg breyting er gerð á framsetningu gjaldskrár.
- Áætlaðar fjárfestingar hitaveitu í varanlegum rekstrarfjármunum nema nettó um 111 m.kr.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

Útsvar: Sveitarfélögum er heimilt að leggja á 14,74% til útsvars. Kjósarhreppur er í hópi þeirra sveitarfélaga sem er með hvað lægstu útsvarsálagningu á landinu. Gert er ráð fyrir að útsvar verði óbreytt 14,22% á árinu 2024. Áætlað er að útsvarstekjur vegna 2024 nemi um 244 m.kr. Áætlun útsvarstekna er byggð á útreikningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Framlög úr Jöfnunar sjóði: Kjósarhreppur fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sérparfa fatlaðra nemenda og framlög til jöfnunar fasteignatekna. Áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggur að stærstum hluta til fyrir. Gert ráð fyrir að fjárhæð framlaga nemi alls tæpum 33.2 m.kr. sem er töluverð hækkun frá síðasta ári.

Fasteignagjöld: Heilmild sveitarfélaga til álagningar fastagnagjalda er eftirfarandi:

- Allt að 0,5% af fasteignamati:** Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum. Með heimild til hækkunar upp í 0,625%
- 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:** Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
- Allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:** Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu. Með heimild til hækkunar upp í 1,65%

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2024 miðast við fasteignamat eigna sem birt var 1. júní 2023. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Kjósarhrepps verður samkvæmt eftirfarandi töflu.

Flokkur	Hlutfall	Heiti	Upphæð
A	0,30%	Fasteignaskattur almennt	80.222.753
B	1,32	Fasteignaskattur opinbert húsnæði	1.282.907
C	0,85	Fasteignaskattur atvinnuhúsnæði	436.194
		Afsláttur til eldri borgara	-1.982.301
		Samtals til innheimtu	79.959.553



Annað árið í röð er álagningarhlutfall fasteignagjalda lækkað á íbúðahúsnæði til að mæta þeirri hækkun sem orðið hefur á fasteignamati. Í áætluninni er gert ráð fyrir að fasteingagjöld á íbúðarhúsnæði hækki um sem nemur verðlagsþróun eða um 4,9%. Ef álagningahlutallið hefði ekki verið lækkað hefði hækkunin orðið mun meiri.

Eins og kemur fram hér að ofan hafa sveitarfélög heimild til að innheimta allt að 1.32%, með heimild til hækkunar upp í 1,65% af fasteignamati húsnæðis sem nýtt er undir rekstur. Kjósarhreppur er eitt af þremur sveitarfélögum á landinu sem er ekki nálægt því að nýta þessa heimild. Undanfarin ár hefur fyrirtækjum fjölgað í sveitarfélaginu og því tímabært að endurskoða þessa álagningu. Sveitarstjórn ákvað í haust að eðlilegt væri að húsnæði sem nýtt er undir rekstur og skilar eigendum sínum tekjum greiði fasteignagjöld til samræmis við önnur sveitarfélög. Stefnt er að því að álagning fasteignagjalda á rekstrarhúsnæði verði sambærilegt og í öðrum sveitarfélögum árið 2025, hækkunin verður tekin í tveimur skrefum. Á árinu 2024 hækkar álagningin í 0,85%.

Aflsáttur af fasteignagjöldum: Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi. Niðurfellingin er tekjutengd og tekur einungis til fasteignaskatts. Afsláttur í fjárhagsáætlun 2024 er áætlaður um 2 m.kr. Viðmiðunarmörk til afsláttar eru hækkuð um sem nemur launavísitölu, þ.e. 5,8% á árinu 2024. Þessar fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur) 2022 sbr. álagningu skattstjóra og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts 2024. Þegar viðmiðunarmörk eru hækkuð aukast líkur á því að fleiri eigi kost á afslætti.

Flokkur	Hlutfall	Heiti	Upphæð
A	0,30%	Fasteignaskattur almennt	80.222.753
B	1,32	Fasteignaskattur opinbert húsnæði	436.194
C	0,85	Fasteignaskattur atvinnuhúsnæði	1.282.907
		Afsláttur til edri borgara	-1.982.301
		Samtals til innheimtu	79.959.553

Laun og launatengd gjöld

Þó að skráðir íbúar í sveitarfélaginu sé undir 300 þá þjónustar starfsfólk sveitarfélagsins eigendur u.þ.b. 700 fasteigna með ýmsu móti.

Launakostnaður er áætlaður út frá stöðugildum frá 1. Janúar nk. og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Í áætluninni er stuðst við spá hagstofunnar þar sem spáð 5,8% hækkun á launavísitölu. Á skrifstofu sveitarfélagsins starfa 5 starfsmenn þ.e. hjá Kjósarveitum og sveitarfélaginu í 4 stöðugildum. Að auki er starfsmaður er í 0,2 stöðugildi við þríf á skrifstofum og tveir starfsmenn samanlagt í 0,65 stöðugildi á Gámaplani. Gert er ráð fyrir að heildar kostnaður launa og launatengdra gjalda verði 73.9 m. kr. á árinu 2024.




Starfsheiti	
Aðalbókari	1
Byggingafulltrúi	0,6
Sérfr. á skipulagssviði	0,4
Sveitarstjóri	1
Samtals á skrifstofu	3
Hitaveitustjóri	0,8
Fulltrúi	0,2
Samtals hitaveita	1
Þrif á Ásgarði	0,2
Starfsmenn á gámaplani	0,65
Heildarfjöldi stöðugilda	4,85

Málaflokkar

Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2024 verði 559,7 m. kr. og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði og afskriftir verði 426.327 m. kr. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 110.2 m. kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir sem nemur tæplega 47.5 m. kr., áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2023 jákvæð um 62.7 m.kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar 1.111.3 m. kr. í árslok 2024. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 728.5 m. kr. og eigið fé 382 m. kr.

Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar utan rekstrar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir. Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði um 120 m. kr., sem er um 21 % af heildartekjum. Í áætluninni er gert ráð fyrir að veltufjárhlutfall verði 1,86, sem verður að teljast nokkuð gott.



Félagsmál

Kjósarhreppur er með samning við Mosfellsbæ um barnaverndarþjónustu og félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk í samræmi við lög nr. 59/1992 með síðari breytingum. Hefur samstarfið við félagsþjónustu Mosfellsbæjar reynst í alla staði farsælt. Nýir samningar við Mosfellsbæ voru undirritaðir á árinu 2023 og gilda þeir til ársins 2026..

Áætlað til þjónustu við fatlað fólk er 18.5 m.kr. á árinu 2023, gert er ráð fyrir 7.5 m.kr. endurgreiðslu frá jöfnunarsjóði. Ljóst er að enn þá vantar mikið uppá að ríkið greiði í gegnum jöfnunarsjóðinn það sem því ber í þessum málaflokki.

Áætlaður heildar kostnaður vegna félagsmála er 30.8 m.kr., byggist áætlun á áætluðum framreiknuðum kostnaði ársins 2023. Erfitt er að áætla þennan málaflokk með einhverri vissu þar sem hann byggir á þeirri þjónustu sem þörf er á hverju sinni.

Áfram er gert ráð fyrir akstursþjónustu við aldraða og félagslegri heimaþjónustu.

Fræðslu og uppeldismál

Gert er ráð fyrir að um 40% allra útgjalda fari til fræðslu og uppeldismála, Áfram er gert ráð fyrir að börnin í Kjósarhreppi sækja skóla og leikskóla utan sveitarfélagsins. Skólaakstur verður eins og áður, áfram verður boðið uppá akstur í félagsmiðstöðina Flógyn á Kjalarnesi.

Leikskóli: Gert ráð fyrir 8 barngildum á leikskóla á árinu 2024, þetta er svipuð tala og í fyrra en þá var gert ráð fyrir 9 börnum.. Að meðaltali er Kjósarhreppur að niðurgreiða hvert leikskólaláss um 342 þ.kr. á mánuði.

Grunnskóli: Börn í Kjósarhreppi stunda flest nám í Klébergsskóla á Kjalarnesi. Mjög gott samstarf hefur verið á milli skólans og sveitarfélagsins og ríkir ánægja með samstarfið. Í áætlun fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir 19 barngildum á grunnskólaaldri. Þar sem sveitarfélagið greiðir með hverju barni getur fækkun eða fjölgun barna haft töluverð áhrif á raunverulegan kostnað.

Gert er ráð fyrir 108.3 m.kr. til málaflokksins.

Menningarmál

Undir þennan lið falla m.a. nefndarlaun Fjölskyldu- og menningarnefndar, bókasafn og viðburðir eins og Kátt í Kjós og Aðventumarkaðurinn. Kjósarhreppur hefur stutt myndarlega við þessa góðu menningarviðburði og gerir það áfram. Undir þennan málflokk fellur einnig samfélagsstyrkur. Allir einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki vegna sérstakra viðburða eða verkefna í sveitarfélaginu, m.a. vegna hátíða, hreinsunarátaka, nágrannavörslu, hvatningaverðlauna o.fl. Ekki er gert ráð fyrir að styrkir standi undir rekstrarkostnaði. Sjá nánar inná kjos.is-samfélagsstyrkir.

Samtals til málflokksins er gert ráð fyrir 5.8 m.kr.

Æskulýðs og íþróttamál

Undir þennan málaflokk fellur vinnuskólinn og styrkir til frístunda barna og unglinga.



Áfram er lögð áhersla á að styðja við tómstundastarf barna og unglinga. Kjósarhreppur veitir foreldrum/forráðamönnum barna 3-18 ára barna sem eru með lögheimili í Kjósarhreppi, frístundastyrk vegna þátttöku barnanna í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi. Meginmarkmið frístundastyrkja er að öll börn og ungmenni á aldrinum 3-18 ára í Kjósarhreppi geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag og félagslegum aðstæðum.

Samtals er gert ráð fyrir 4.7 m.kr. til málflokksins.

Í framkvæmdaáætlun er að auki gert ráð fyrir að sett verði 1.5 m.kr í uppsetningu Ærslabelgs sem er fyrsti áfangi í að koma upp fjölskyldu leiksvæði á lóð Ásgarð.

Brunamál og almannavarnir

Kjósarhreppur er með samning við Slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu, gert er ráð fyrir 1.8 m.kr. vegna hans. Að auki falla undir þennan málaflokk hlutdeild í almannavörnum, búnaður og leiga á húsnæði undir búnað, Samtals er gert ráð fyrir 2.7 m.kr. til málflokksins.

Hreinlætismál

Þjónustugjöld sem sveitarfélög innheimta fyrir meðhöndlun úrgangs eiga að standa undir öllum kostnaði sveitarfélagsins við málaflokkinn. Þannig hefur það ekki verið undanfarin ár, þó mjakast hafi í rétta átt á síðasta ári. Á árinu 2022 var um 20 m.kr. halli á málflokki og á árinu 2023 stefnir í 12 m.kr. halla.

Ný lög um flokkun úrgangs tóku gildi um síðustu áramót. Stóra breytingin á s. l. ári er að nú þurfa allir að flokka lífrænan úrgang við hvert heimili. Á síðasta vori var dreift til heimila tvískiptri tunnu undir lífrænan- og almennan útgang. Þetta var gert í framhaldi af samkomulagi sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gerðu sín á milli í mars 2022 um samstarf. Það hefur síðan komið í ljós að kostnaðurinn við það að hafa tvískiptatunnu sem er eðli málsins samkvæmt með minni hólfum en fyrri tunnur, hefur í för með sér aukna losunartíðni og meiri kostnað en gert var ráð fyrir. Til að ná niður kostnaði við úrgangshirðu hefur sveitarstjórn ákveðið að á árinu 2024 verði tvískiptatunnan tekin og í staðin koma tvær tunnur. Losunartíðni við heimili verður í kjölfarið á fjögurra vikna fresti. Áætlun 2024 gerir ráð fyrir þessari breytingu.

Lögum fylgir aukinn kostnaður en þó er gert ráð fyrir að Innflytjendur og framleiðendur greiða fyrir endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun (úrvinnslu) þeirra umbúða sem þeir setja á markað. Þetta eru skyldur sem Íslendingar hafa gengist undir með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu. Sveitarfélögin fá síðan greitt úr Úrvinnslusjóði í samræmi við það sem þau skila af umbúðum.

Eins er kostnaður vegna grenndarstöðva og Gámplans gríðarlega hár og í svo litlu sveitarfélagi fellur hann á fáa greiðendur.

Gert er ráð fyrir verulegri hækkun á úrgangsgjöldum í áætluninni og stefnt er að því samráði við íbúa að finna leiðir á komandi ári til að draga úr kostnaði sem óhjákvæmilega þýðir að dregið verður úr þjónustu. Þrátt fyrir þessa hækkun er gert ráð fyrir að málflokkurinn verði með 4.6 m.kr. halla.



Í áætluninni er gert ráð fyrir að þjónusta vegna úrgangsmála verði boðin út á árinu 2024.

Rotþróargjöld: Kjósarhreppur innheimtir gjald vegna hreinsunar á rotþróum í sveitarfélaginu. Eigendum frístundahúsa, íbúðarhúsa og annarra fasteigna í Kjósarhreppi er skylt að hafa tengda rotþró og greiða árlegt rotþróargjald, sbr. 5. gr. samþykktar nr. 183/2007 um hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi.

Rotþróargjald skal vera kr. 15 þ.kr. og er það árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, frístundahús eða annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð á þriggja ára fresti og miðast á lagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun sé kr. 45 þ.kr.

Vegna aukalhreinsunar, sé óskað eftir henni, greiðir fasteignaeigandi kr. 48. þ.kr Ef fara þarf sérstaka ferð í auka hreinsun leggst akstur ofan á gjaldið. Á árinu 2022 var kostnaður sveitarfélagsins töluvert umfram tekjur. Unnið hefur verið að endurskipulagningu hreinsana í samstarfi við Þjónustuaðilann til að draga úr sívaxandi kostnaði við þennan málflokk. á árinu sem er að líða náðist góður árangur sem varð til þess að ekki kemur til verðlagshækkunar á þessum málaflokk.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við hreinsun á rotþróum verði 8 m.kr. áætlað er að þjónustugjöld standi undir þeim kostnaði.

Þrátt fyrir hækkun á úrgangsgjöldum er gert ráð fyrir að málflokkurinn verði með 4.6 m.kr. halla.

Skipulags- og byggingamál

Aukinn þungi hefur verið að færast á þennan málaflokk samhliða vaxandi uppbygginu í sveitarfélaginu. Unnið hefur verið að því að styrkja skipulagssviðið til að geta veitt íbúum sem besta þjónustu.

Sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að fara í endurskoðun aðalskipulags. Í áætluninni er gert ráð fyrir að nettó kostnaður vegna þess verði á árinu 3 m.kr. þá er búið að draga frá helming sem fæst endurgreiddur úr Skipulagssjóði. Áætlað er að endurskoðunin taki tvö ár.

Í fjárhagsáætlun 2024 er gert ráð fyrir 22.8 m.kr. til málaflokksins.

Umferðar- og samgöngumál

Undir þennan málflokk falla göngu- og hjólastígar, umhverfismerkingar viðhald gatna og snjómokstur. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir 5.5 m.kr. í snjómokstur. Það er alltaf erfitt að áætla þennan lið seins og gefur að skilja. Í áætluninni er gert ráð fyrir að farið verði í útboð á snjómokstri á árinu 2024. Að auki eru áætlað fyrir lagningu stíga og umhverfismerkingum.

Samtals er áætlað til þessa málflokks 7.8 m.kr.

Umhverfismál

Undir þennan málflokk falla minka og refaveiðar ásamt fegrun umhverfisins í Kjós. Í áætluninni er gert ráð fyrir að farið verði í umhverfisátak næsta vor, til þess verkefnis er áætlað 1.2 m.kr.

Heildar kostnaður við þennan málflokk er áætlaður 3 m.kr.



Atvinnumál

Undir þennan málflokk falla landbúnaður og vatnsból. Gert er ráð fyrir 2.8 m.kr. til málflokksins, að stærstum hluta fellur sá kostnaður til vegna viðhalds girðinga.

Sameiginlegur kostnaður

Skrifstofa Kjósarhrepps er miðstöð sveitarfélagsins og leysir af hendi þau verkefni sem falla undir fjármál, þjónustu og þróun í sveitarfélaginu. Meðal annars kostnaðar sem fellur undir þennan málflokk er laun sveitarstjóra, aðalbókara og sveitarstjórnar, samstarf sveitarfélaga, endurskoðun, ársreikningagerð, flestir þjónustusamningar, leyfamál og skjalavistun.

Kjósarhreppur er þátttakandi í samstarfi sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu með fjármögnun stafræns umbreytingarteymis hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Verkefnin eru:

Stafrænir innviði: Microsoft leyfamál, einfaldari skjalavistun og rafræn skil til þjóðskjalasafns.

Sameiginleg þjónustupróun: Sameiginlegt spjallmenni, umsókn um félagslegt leiguhúsnæði á Ísland.is.

Deiling og uppsetning opinna stafrænna lausna á stafræn.sveitarfelög.is: Sorphirðudagatal, reiknivél leikskólagjalda, reiknivél húsæðisstuðnings, reiknivél fasteignagjalda, reiknivél frístundagjalda, ábendingagátt.

Gert er ráð fyrir að til þessa málaflokks falli 77.8 m.kr.

Eignasjóður rekstur

Ásgarður: Í Ásgarði er aðsetur stjórnsýslunnar í Kjósarhreppi. Auk þess eru leigð út skrifstofurými til þriggja aðila og íbúð á annarri hæð. Gert er ráð að steiptur verði rampur við inngang hússins og farið verði í tilfallandi viðhald á húsinu.

Félagsgarður: Félagshheimilið Félagsgarður er leigður út til þriðja aðila. Á síðastliðnu ári var skipt úr stórum hluta glerja og gert er ráð fyrir að sú framkvæmd verði kláruð á árinu 2024 ásamt því að byrjað verði að skipta um klæðningu á húsinu.

Aðrar eignir í eignasjóði eru Möðruvellir land, móttökuhús á gámaplani, Möðruvallarétt, Ásgarðslandið og Birkihlíð/lóð.

Gert er ráð fyrir að eignasjóður verði rekin með 14.1 m.kr. halla.

Kjósarveitur

Á síðasta ári varð ljós að öflun á heituvatni til reksturs hitaveitunnar var nauðsynlegt næsta skref. Undirbúningur hófst á árinu með sérfræðingum Ísor með það fyrir augum að staðsetja nýja vinnsluholu sem er nú lokið. Tilboða var leitað og bárust tilboð frá fjórum aðilum. Reiknað er með að samningar náist við verktaka fyrir lok árs 2023. Þessi nýja borhola verður staðsett í nágrenni við dæluhús veitunnar á Möðruvöllum. Miðað er við að nýja borholan komist í gagnið á árinu 2024 ef allt gengur að óskum.

Á árunum 2022 og 2023 hafa verið tengd tæplega 50 nýir notendur og eru notendur í heild 480.

Byrjað er að setja upp snjallmæla og eru nú 3 hús tengd snjallmælum og verið er að prufukeyra þessa mæla með kerfum veitunnar. Ný hús sem tengjast á árinu 2024 verða



tengd snjallmælum. Stofnlagnir í landi Hvammsvíkur sem hafa verið á áætlun frá því í fyrra verða lagðar á árinu 2024 ásamt því sem hönnun á stofnlögnum og dælustöð til að mæta fyrirhugaðri uppbygginu á Eyri eru í gangi. Þá er fyrirhugað að byggja borholuhús á borholu MV-24 ásamt því að koma fyrir stjórnbúnaði fyrir hitareglun í því húsi. Þessar þrjár framkvæmdir, það er borun á MV-25 borholu, snjallmælaverkefnið og bygging borholuhúss fyrir MV-24 eru dýrar en nauðsynlegar til að tryggja að veitan geti þjónað notendum Kjósarveitan.

Gert er ráð fyrir lántöku upp á 150 m.kr. á árinu.

